



Reglur um niðurgreiðslur á daggæslu í heimahúsum

Gildir frá 1. janúar 2020

1. gr.

Rétt til niðurgreiðslu hafa allir foreldrar sem eiga lögheimili á Fljótshágeri og vista börn sín hjá dagforeldrum sem hafa staðfest leyfi til daggæslu frá sveitarfélaginu.

2. gr.

Við upphaf gæslunnar skal sótt um niðurgreiðslu á þar til gerðum eyðublöðum. Eyðublöðin liggja frammi á bæjarskrifstofu Fljótshágeris, Lyngási 12, Egilsstöðum og hjá dagforeldrum.

3. gr.

Allir foreldrar þurfa að endurnýja umsókn um niðurgreiðslu ef mánaðar hlé eða lengra verður á gæslunni, ef skipt er um dagforeldri eða ef gæslutími breytist.

4. gr.

Daggæslugjöld eru greidd niður 11 mánuði ársins. Ekki er niðurgreitt fyrir börn af leikskólum sem dvelja í daggæslu yfir sumartímann.

5. gr.

Upphæð niðurgreiðslu miðast við þann vistunartíma sem foreldrar kaupa í daggæslu, að hámarki 8 tíma daglega. Upphæð niðurgreiðslunnar fyrir foreldra sem eru giftir eða í sambúð er 7.450 kr. fyrir dvalarstund á mánuði að hámarki 59.570 kr. Fyrir foreldra sem eru einstæðir 8.744 kr. fyrir dvalarstund á mánuði, að hámarki 69.946 kr.

6. gr.

Foreldrar staðfesta umsaminn dvalartíma með undirskrift sinni á skráningareyðublöðum eða á reikning frá dagforeldri. Kvittun frá viðkomandi dagforeldri þarf að berast til leikskólafulltrúa fyrir 27. dag hvers mánaðar.

7. gr.

Systkinaafsláttur er samtengdur milli daggæslu og leikskóla. Til að njóta systkinaafsláttar þurfa börnin að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili.

Greitt er fullt gjald fyrir yngsta barn

Annað barn 35% afsláttur

Þriðja barn 100% afsláttur

Múlathing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir

Sími: 4 700 700

mulathing@mulathing.is

mulathing.is



8. gr.

Niðurgreitt er með eftirfarandi hætti fyrir öll börn á aldrinum 6 mánaða til 6 ára, þó eigi lengur en fram að þeim tíma er barn hefur grunnskólagöngu.

Fyrir börn einstæðra foreldra hefst niðurgreiðsla um mánaðarmót eftir 6 mánaða aldur barns. Fyrir öll önnur börn hefst niðurgreiðsla um mánaðarmót eftir 9 mánaða aldur barns.

Dagforeldrar fá niðurgreitt með eigin börnum samkvæmt reglum þessum, að hámarki 8 tíma daglega, virka daga. Niðurgreiðslu skal miða við dvalartíma þess barns sem lengstan vistunartíma hefur í daggæslunni. Ef börn dagforeldra eru í leikskóla dregst dvalartíminn þar frá.

Verði aðilar uppvísir að rangfærslum við tímaskráningu barna vegna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum verður dagforeldri svipt leyfi til daggæslu með mánaðar fyrirvara og niðurgreiðslur til viðkomandi foreldris/foreldra falla niður.

Athygli er vakin á því að skv. ákvörðun Samkeppnisráðs frá 1991 er dagforeldrum óheimilt að samræma gjaldskrá sína og þess vegna eru gjöldin mishá frá einu dagforeldri til annars.

Á reikningum sem dagforeldrar gefa út og foreldrar greiða er búið að draga frá niðurgreiðslu bæjarfélagsins.

Samþykkt í bærarstjórn Fljótsdalshéraðs 31. maí 2006

Með breytingum bæjarráðs 29. ágúst 2007

Samþykkt í bærarstjórn Fljótsdalshéraðs 3. desember 2014

Samþykkt í bærarstjórn Fljótsdalshéraðs 6. nóvember 2019

Samþykkt í bærarstjórn Fljótsdalshéraðs 6. nóvember

Múlathing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir

Sími: 4 700 700

mulathing@mulathing.is

mulathing.is